

Niðurstöður laganeftndar:

Allmennt þarf að flýta vinnu við að þýða FIPO-reglur á íslensku og samræma við Lög og reglur LH. Víða má finna misræmi.

Þingskjal 6

Laganeftnd leggur til að tillögunni verði ekki samþykkt að svo stöddu

Tillagan er að mörgu leyti mjög jákvæð og gæti haft góð áhrif um reglur um Íslandsmót

Þó tillagan sé mikil að vöxtum má draga helstu breytingartillögur í tveimur greinum þ.e. 5.1 og 5.2 - aðrar greinar eru að mestu óbreyttar.

Tillagan gerir ráð fyrir þeim breytingum að færa vald um staðarval Íslandsmót frá Landsþingi til stjórnar LH og að stjórn LH hafi rýmri heimildir en nú til að ákveða tímasetningar og tilhögun mótanna.

Einnig gerir tillagan ráð fyrir frekari breytingum á tilhögun keppninnar og keppnisgreinum

Einhuga afstaða nefndarinnar til tillögunnar mótast af því að gert er ráð fyrir að farið verður í mikla endurskoðun á lögum og reglum LH þannig að samræmis sé gætt.

Tillagan stangast á við reglu 1.2.4 gr laga HL, sem hefði þurft að breyta samhliða.

Þingskjal 14

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt - enda var það einróma álit nefndar að tillagan sé hvatning til stjórnar að leggja vinnu í endurskoða löggjöfina í heild.

Þingskjal 18

Laganeftndin er einhuga um að tillagan verði samþykkt enda þáttur í að bæta verklag við lagabreytingar hjá Sambandinu.

Tillagan felur í sér breytingu á grein 1.2.2. Í Lögum og reglum LH. Nefndin telur að þrátt fyrir að númer málsgreinarinnar sé ekki getið í tillögunni eigi það ekki að koma í veg fyrir að hún verði samþykkt.

Þingskjal 16

Laganeftnd tekur undir að reglur séu óskýrar og allsherjar endurskoðunnar sé þörf.